

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Stykkishólmur Ögur



|                            |               |                         |                         |
|----------------------------|---------------|-------------------------|-------------------------|
| <b>Dags eftirlits</b>      | 29.8.2014     | <b>Fulltrúi UST</b>     | Sigrún Guðmundsdóttir   |
| <b>Fyrirtæki</b>           | Stykkishólmur | <b>Fulltrúi UST</b>     |                         |
| <b>Heimili</b>             |               | <b>Tegund eftirlits</b> | Fyrirvaralaust          |
| <b>Kennitala</b>           | 6202697009    | <b>Flokkur</b>          | Úrgangur og efnamóttaka |
| <b>Fulltrúi fyrirtækis</b> | enginn        | <b>ÍSAT nr.</b>         | 38.21.00                |
| <b>Fulltrúi fyrirtækis</b> |               | <b>Staðsetning</b>      | 370295,874 514886,814   |

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í fyrirvaralaust eftirlit á urðunarsvæðið í Ögri til að: 1. kanna hvort umhleðsla úrgangs færi þar enn fram, og 2. hvort komið hefði verið upp sýnatökuaðstöðu eins og rætt var um í síðasta reglubundna eftirliti. Bæði atriðin reyndust í ólagi, umhleðsla fer enn fram á urðunarsvæðinu og sýnatökuaðstöðu var ekki að sjá. Starfsleyfishafi brást hins vegar strax við drögum að skýrslu þessari (sjá frávikalýsingu) þannig að úrbætur eru þegar hafnar.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var í fyrirvaralaust eftirlit til að kanna hvort rekstraraðili hafi komið upp sýnatökubrunnum og hvort umhleðsla færi enn fram á staðnum.

### Frávik frá

Ákv. 3.2 og 3.3 er kveða á um mælingar á vatni frá urðun og mælingar.

### Lýsing á fráviki

Mælingar á vatni sem um urðunarsvæðið fer hafa ekki verið framkvæmdar. Sjá einnig athugasemd hér að ofan. Starfsleyfishafi hefur nú þegar hafist handa við að koma upp sýnatökuaðstöðu á svæðinu.

Ákv. 1.4 í starfsleyfi en skv. því skal rekstraraðili ávallt tilkynna fyrirhugaðar breytingar á rekstri. Sbr. einnig ákv. 1.2 um umfangs starfsemi.

Umhleðsla á endurvinnanlegum úrgangi fer nú fram á urðunarsvæðinu. Slíkrar starfsemi er ekki getið í starfsleyfi og þessi breyting var ekki tilkynnt til Umhverfisstofnunar. Í eftirlitinu nú var verktaki rekstraraðila á svæðinu og kom fram að umhleðslu á staðnum yrði hætt um leið og ný aðstaða hefði verið útbúin. Starfsleyfishafi brást strax við drögum að skýrslu þessari og verður umhleðslan færð

## ATHUGASEMDIR

Lögð hefur verið rík áhersla á, í reglubundnu eftirliti síðustu ár (annað hvert ár, árin 2009, 2011, 2013) að mælingar á vatni frá urðunarsvæðinu færu fram hið fyrsta enda kemur fram í eftirlitsskýrslu árið 2009 að mælingarnar hafi ekki farið fram árin þar á undan. Í starfsleyfi er gert ráð fyrir mælingum en ekki tíðni þeirra. Í athugasemd í reglubundnu eftirliti 2013 var minnt á að brýnt væri að mælingarnar yrðu framkvæmdar

## ANNÆÐ

Reykjavík, 12.09.2014

Sigrún Guðmundsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.